

samþykki dómsmálaráðuneytisins. Aldrei má breyta ákvæðum 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til tækjakaupa eða rannsóknarstarfsemi samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. mars 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.027 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 178 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 77 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 88.000 kr. fyrir einstakling og 188.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 31.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 151 9. mars 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.